

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um farþega og áhafnir flugfélaga.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hvernig er tryggt að erlend flugfélög sem fljúga hingað til lands framfylgi skyldu sinni skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 136/2022 um að afhenda skuli lögreglu upplýsingar um farþega og áhöfn?
- Hvaða viðurlögum er beitt ef flugfélög sinna ekki fyrrgreindri skyldu sinni?
- Hafa íslensk stjórnvöld beitt erlend flugfélög viðurlögum fyrir að afhenda ekki slíkar upplýsingar á undanförunum misserum? Ef svo er, í hve mörgum tilvikum?
- Hefur ráðherra upplýsingar um að erlend flugfélög hafi ekki afhent lögreglu slíkar upplýsingar og ekkert hafi verið aðhafst vegna þess?

Munnlegt svar óskast.